

Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Sími 460-8900 Fax 460-8919

Netfang: rha@unak.is



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Virkjum alla! Rafrænt samfélag

Mars 2007

Áfangaskýrsla 2

Hjördís Sigursteinsdóttir

Tryggvi Guðjón Ingason

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
1.1. FORMÁLI	3
1.2. FRAMKVÆMD OG HEIMTUR	4
1.3. ÚRVINNSLA.....	5
2. NIÐURSTÖÐUR	7
2.1. TÖLVULÆSI	7
2.2. TÖLVUNOTKUN.....	9
2.3. GRUNNGERÐ FJARSKIPTA.....	14
2.4 UPPBYGGING FRÆDSLUS OG ÞEKINGAR.....	18
3. LOKAORÐ	22
4. ÍTARLEG GREINING EFTIR BAKGRUNNSÞÁTTUM	24
5. SPURNINGALISTINN ÁSAMT DREIFINGU SVARA.....	70

1. Inngangur

1.1. Formáli

Sveitarfélögin Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjarsveit vinna í sameiningu að uppbyggingu á rafrænu samfélagi sem á að stuðla að eflingu þekkingar og menntunar sem lið í atvinnuþróun og bættum lífsgæðum í byggðarlaginu til framtíðar. Heiti verkefnisins er „Skjálfandi í faðmi þekkingar“. Rafrænt samfélag við Skjálfanda.“ Verkefninu er skipt upp í fimm meginþætti:

- Greining á stöðu mála
- Fræðsla og hvati fyrir íbúana
- Uppbygging á rafrænni grunngerð
- Uppbygging á rafrænni þjónustu
- Uppbygging á rafrænum viðskiptum.

Á verkefnistímanaum hafa orðið þær breytingar að Húsavíkurbær sameinaðist Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi og Raufarhafnarhreppi vorið 2006 og heitir sveitarfélagið nú Norðurþing. Þessi breyting hefur þó ekki haft nein áhrif á verkefnið því Norðurþing er hluti af verkefninu nú í stað Húsavíkurbæjar áður.

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri¹ var falið að vinna að „greiningu á stöðu mála“ sem felur í sér athugun á tölvuþekkingu, tölvunotkun og grunngerð fjarskipta á svæðinu. Verkefnið skiptist í þrennt: (1) stöðugreiningu í upphafi verkefnis, (2) athugunum á verkefnistímanum og (3) athugunum undir lokin til að sjá hvernig til hefur tekist.

Upphaflega var gert ráð fyrir að gerðar yrðu þrjár kannanir meðal íbúa sveitarfélaganna ásamt viðtölum við fólk búsett víðsvegar í sveitarfélögunum. Framkvæmd var fyrsta könnunin ásamt nokkrum viðtölum og voru niðurstöður þeirrar rannsóknar


¹ Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) er sjálfstæð stofnun innan Háskólans á Akureyri. Hlutverk RHA er að stuðla að og styðja við vísindalega starfsemi innan Háskólans og er stofnunin tengiliður milli Háskólans og atvinnulífsins hvað varðar rannsókn- og þróunarstarf. RHA aflar tekna til starfsemi sinnar með öflun rannsóknastyrkja, verkefnum og þjónustu

settar fram í áfangaskýrslu 1. Að eindreginni ósk verkkaupa var umfang þessa verkefnis sem RHA var falið skert verulega. Þetta þýðir í raun að einni viðhorfskönnun var sleppt ásamt frekari viðtölum við fólk í sveitarfélögunum. Þessi skýrsla innifelur niðurstöður úr seinni viðhorfskönnuninni sem framkvæmd var. Skýrslan er unnin af starfsmönnum Rannsókn- og þróunar- miðstöð Háskólans á Akureyri. Höfundar hennar eru Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur og Tryggvi Guðjón Ingason, verkefnisstjóri.

1.2. Framkvæmd og heimtur

Í þessum verkhluta var gagna eingöngu aflað með símakönnun. Símakönnuninni er ætlað að mæla með stöðluðum hætti ýmsa þætti er varða tölvulæsi, tölvunotkun, grunngerð fjarskipta ásamt þekkingu á þeim verkefnum sem „Virkjum alla“ hefur staðið að. Símakönnunin náði til íbúa í Aðaldælahreppi, Norðurþingi og Þingeyjarsveit, á aldrinum 18-80 ára sem búsettir voru í þessum sveitarfélögum þann 1. desember 2006. Úrtakið var fengið á þann hátt að valinn var einn einstaklingur af handahófi af hverju heimili í Aðaldælahreppi og Þingeyjarsveit og tæplega öðru hverju heimili í Norðurþing, samtals 542 manns. Af þeim reyndust 26 vera fluttir eða af öðrum orsökum óaðgengilegir. Endanlegt úrtak varð því 516 manns og endurspeglaði það nokkuð vel aldurs- og kynjaskiptingu íbúa sveitarfélaganna þriggja.

Hringt var í einstaklingana dagana 27. janúar til 3. febrúar 2007. Alls náðist samband við 459 manns sem er 89% af endanlegu úrtaki. Það féllust 386 manns á að svara spurningalistanum og telst svörun því vera 75%, sem er ágætlega viðunandi í rannsókn sem þessari og yfir landsmeðaltali kannana. Rúmlega 14% einstaklinga neitaði að taka þátt í könnuninni.



Mynd 1. Svarhlutfall

Engin teljandi tengsl eru milli svörunar og þeirra bakgrunnspáttá sem til skoðunar eru. Þannig er hlutfall karla og kvenna hið sama í hópi þeirra sem svara og í hópi þeirra sem neita að taka þátt. Svarendur könnunarinnar endurspeglu nokkuð vel búsetu-skiptingu milli sveitarfélaganna þriggja.

1.3. Úrvinnsla

Í skýrslunni eru greind svör fólks við fjölmörgum spurningum sem ætlað er að meta ýmsa þætti sem talið er að séu til marks um tölvulæsi, tölvunotkun, grunngerð fjarskipta og þekkingu á verkefnum sem „Virkjum alla“ hefur staðið að. Þessar spurningar eru greindar eftir nokkrum bakgrunnspáttum, þar á meðal: Kynferði, aldri, búsetu, heimilisaðstæðum, menntun og tekjum. Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum, eftir því sem við á, sem sýna hlutfall þeirra sem svara á tiltekinn hátt ásamt stuttri túlkun.

Nánari tölfræðilegar greiningar er að finna í 3. kafla og í 4. kafla er að finna allan spurningarlistann með hlutfallstölum.

Hafa ber í huga að hér er um úrtaksrannsókn að ræða en slíkar rannsóknir byggjast á þeirri forsendu að unnt sé að skoða hegðun og meta viðhorf stórra hópa fólks með því að spyrja hluta hópsins sé þess aðeins gætt að þeir sem rætt er við hafi ekki aðrar skoðanir eða hegðni sér á annan hátt en þeir sem ekki er rætt við. Þetta er venjulega tryggt með því að velja þá sem rætt er við af handahófi úr hópi allra mögulegra viðmælenda (dregið er slembiúrtak) og leitast við að ná til eins stórs hluta þeirra og mögulegt er (svörun sé viðunandi). Þessi aðferð felur

Þó í sér að búast má við að niðurstöður rannsóknar víki lítillega frá því sem verið hefði ef rætt hefði verið við alla mögulega viðmælendur (í þessu tilviki alla íbúa í Aðaldælahreppi, Norðurþing og Þingeyjarsveit á aldrinum 18-80 ára). Áreiðanleiki niðurstaðna í þessari rannsókn er metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í umræðu um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru.

2. Niðurstöður

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr grunnrannsókn á tölvulæsi, tölvunotkun, grunngerð fjarskipta og verkefnum sem „Virkjum alla“ stóð fyrir. Í þessum niðurstöður er þó sleppt þeim svarendum sem búsettir eru í Norðurþingi og tilheyrðu Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi og Raufarhafnarhreppi áður. Þetta var eingöngu gert að ósk verkkaupa en það er mat okkar sem að þessari rannsókn standa að það hefði ekki átt að gera. Þessir íbúar urðu hluti af verkefninu með sameiningunni á alveg sama hátt og þeir íbúar sem fluttu til sveitarfélaganna Húsavíkurbæjar, Þingeyjarsveitar og Aðaldælahrepps á verktímabilinu. Þeir hljóta að eiga sama rétt og aðrir íbúar sveitarfélaganna til þess að gerast áskrifendur að veftorgunum og því efni sem þar er inni.


Niðurstöðurnar hér fyrir aftan eru því byggðar á svörum 337 manns í stað 386.

2.1. Tölvulæsi

Fólk í sveitarfélögunum þremur er misjafnlega í stakk búið til þess að tileinka sér þá tækni sem tölvubyltingin hefur haft í för með sér. Misjafnar orsakir geta legið þar að baki t.d. aðgengi, þekking, tími og áhugi. Í könnuninni kemur í ljós að færni fólks til þess að nota tölvur heilt yfir hefur aukist frá könnuninni árið 2004. Í dag telja fleiri sig hafa mjög mikla eða í meðallagi færni í að nota tölvur, heldur en þeir sem telja sig hafa frekar litla eða alls enga færni. Aftur á móti var þessu öfugt farið í síðustu könnun, þ.e. fleiri töldu sig hafa frekar litla eða alls enga færni í að nota tölvur heldur en þeir sem töldu sig hafa mjög mikla eða í meðallagi færni.

Á þessu er þó umtalsverður munur milli einstaklinga og hafa bakgrunnsþættir þeirra í sumum tilfellum töluvert um tölvufærni að segja, bæði þættir er varða einstaklinginn sjálfan sem og umhverfi hans. Ekki kemur í ljós munur á tölvufærni fólks eftir kynferði heilt yfir og reynist eingöngu vera kynjamunur hjá þeim sem hafa lokið háskólamenntun. Háskólamenntaðir karlar

virðast hafa meiri færni í að nota tölvur en konur með sambærilega menntun. Þetta er breyting frá síðustu könnun þar sem konur virtust heilt yfir hafa betri færni í að nota tölvur en karlar. Aldur² hefur töluvert mikil áhrif á tölvufærnina. Eftir því sem einstaklingurinn er eldri þeim mun minni færni hefur hann í því að nota tölvur og á þetta við um einstaklinga á öllu svæðinu. Einnig hefur búseta³, menntun⁴ og tekjur⁵ áhrif á tölvufærnina, þannig að búseta á Húsavík, meiri menntun og hærra tekjur þýðir að einstaklingurinn hefur meiri færni í að nota tölvur. Hvað heimilisaðstæður⁶ varðar kemur í ljós að einstaklingar sem búa með börn inni á heimilinu hafa mun meiri færni í að nota tölvur en þeir sem ekki búa með börnum. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og komu úr könnuninni árið 2004.



Mynd 2. Hvar hefur þú helst öðlast þekkingu eða færni í að nota tölvu?

Heilt yfir eru svipaðar niðurstöður nú og árið 2004 þegar þátttakendur eru spurðir hvar eða hvernig þeir hafi lært á tölvu. Flestir svara því til að þeir hafi lært á tölvu af sjálfum sér eða tæp 70% svarenda en rúmlega 60% árið 2004. Kynjamunur⁷ mælist, þar sem karlar eru líklegri til að hafa lært af sjálfum sér

² (Tau-c=,39; a=,000)

³ (Tau-c=,19; a=,001)

⁴ (Tau-c=,35; a=,000)

⁵ (Tau-c=,21; a=,001)

⁶ (Tau-c=,24; a=,000)

⁷ (Tau-c=,12; a=,015)

en konur. Um 28% svarenda hafa lært á tölvur af tölvunámskeiðum en þegar hlutfallið er skoðað eftir aldri kemur í ljós að yngsti aldurshópurinn sker sig frá hinum vegna þess hve fáir hafa lært á tölvur með þessum hætti. Einnig mælist kynjamunur⁸ hjá þeim sem læra á tölvur á tölvunámskeiðum, þar sem konur eru líklegri til að læra á tölvur á slíkum námskeiðum en karlar. Yngri einstaklingarnir læra helst á tölvur af sjálfum sér eða í skólanum en fólk á miðjum aldri á vinnustað.

Greinilegt er að fólk sem kynnist tölvum hvort heldur sem er í gengum vinnu, skóla, áhugamál eða börnin sín notar tölvuna töluvert mikið við margvíslega hluti. Þekkingin er að miklu leyti bundin við það sem fólk þarf að gera hverju sinni eða hefur áhuga á að kynnast.

Segja má að helsta niðurstaðan hér sé sú að fólk hafi mismikla þekkingu á tölvum. Einnig er talsvert af fólki sem hefur enga tölvuþekkingu og á þetta sérstaklega við um fólk eldra en 45 ára og fólk þar sem engin börn eru eða hafa verið inni á heimili síðustu árin. Aftur á móti eru góðu fréttirnar þær að framfarir hafa orðið í tölvulæsi frá könnuninni árið 2004. Það er sama hvar stigið er niður fæti, framfarir hafa orðið meðal fólksins frá síðustu könnun hvort sem kyn, aldur, búseta eða aðrir bakgrunnþættir eru skoðaðir.


2.2. Tölvunotkun

Hvað er það helst sem tölvunotendur á athugunarsvæðinu sækja í og hafa áhuga á? Segja má að það sé jafn misjafnt eins og áhugamál einstaklinganna sjálfra. Í þessari rannsókn var notkun tölvupósts og internetsins tekin sérstaklega til skoðunar, þ.e.a.s. rafræn samskipti. Tölvupóstur er mjög vaxandi samskiptaleið en þannig er hægt að koma upplýsingum fram og til baka á mjög fljótvirkan hátt. Internetið nýtur síaukinna vinsælda og er orðinn mjög öflugur upplýsingamiðill en með internetinu er hægt að

⁸ (Tau-c=,23; α =,000)

koma upplýsingum á framfæri til einstaklinga á mjög aðgengi-
legan hátt.

Meginþorri einstaklinga á svæðinu notar tölvupóst og í flestum tilvikum heima hjá sér. Einnig eru mjög margir sem nota tölvupóstinn bæði á heimili og á vinnustað eða skóla. Einstaka maður notar tölvupóst hjá öðrum aðila og nokkrir svara því til að þeir noti ekki tölvupóst. Notkun tölvupósts tengist gjarnan vinnu fólks en einnig í samskiptum við fjölskyldu og vini sem búsettir eru annarsstaðar á landinu eða erlendis. Í langflestum tilvikum er fólk fært um að senda viðhengi með, þó margir nýti sér þann kost að öllu jöfnu ekki.




Mynd 3. Ertu með tölvupóstfang?

Tæplega 90% þátttakenda hefur aðgang að internetinu (veraldarvefnum). Mjög misjafnt er hversu oft þeir nota það, sumir daglega og jafnvel oftár meðan aðrir nota það eitthvað í hverri viku eða jafnvel sjaldnar. Einstaklingar sem sækja skóla eða vinnu nota internetið mest en um 80% þeirra fer á netið oft á dag og í það minnsta daglega. Það er þó nokkur aukning frá fyrri könnun þar sem rúmur helmingur þátttakenda fór á netið oft á dag eða daglega. Fólk notar netið einnig töluvert mikið heima hjá sér því um 87% einstaklinganna fer þar á netið vikulega eða oftár sem er nær 10% aukning frá fyrri könnun. Netnotkunin heima er háð aldri⁹ þannig að hækkandi aldur þýðir minni net-

⁹ (Tau-c=,13;α=,007)

notkun en það er í samræmi við fyrr könnun. Um 65% einstaklinga 25 ára og yngri notar netið heima oftast en einu sinni á dag en rétt rúmlega 40% einstaklinga eldri en 60 ára. Búseta¹⁰ hefur áhrif á netnotkun á heimili þar sem þátttakendur sem búsettir eru á Húsavík nota „netið“ oftast en aðrir þátttakendur. Einnig hefur menntun áhrif á internetnotkunina bæði heima¹¹ og í vinnu¹² þannig að meiri menntun þýðir að viðkomandi notar internetið meira. Tekjur hafa áhrif á netnotkun bæði heima¹³ og í vinnunni¹⁴ með þeim hætti að eftir því sem tekjurnar eru hærra því meiri internetnotkun. Að auki er kynjamunur¹⁵ varðandi internetnotkun í vinnunni þar sem karlar nota netið þar meira en konur. eru þessar niðurstöður varðandi internetnotkun að miklu leyti í samræmi við fyrri könnun. Meginbreytingin er sú að aukning hefur verið í notkun internetsins hjá öllum hópum sem könnunin tekur tillit til frá síðustu könnun.



Mynd 4. Hversu oft notar þú internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?

Kannað var hversu oft svarendur nýta sér internetið til þess að eiga bankaviðskipti, kaupa vörur, senda viðhengi, vinna með myndir, framkalla myndir, nota MSN eða spjall og sækja eða skoða gögn á vefsíðu sveitarfélaga. Niðurstöðurnar eru mjög í samræmi við niðurstöður fyrri könnunar.

¹⁰ (Tau-c=,27;α=,000)

¹¹ (Tau-c=,13;α=,013)

¹² (Tau-c=,15;α=,020)


¹³ (Tau-c=,17;α=,004)

¹⁴ (Tau-c=,24;α=,000)

¹⁵ (Tau-c=,16;α=,046)

Af þessum þáttum nota hlutfallslega flestir netið til þess að senda viðhengi og eiga bankaviðskipti. Rúmlega 40% svarenda notar netið nokkrum sinnum í mánuði eða oftar til þess að sækja eða skoða gögn á vefsíðu sveitarfélagsins sem er örlítill aukning frá fyrri könnun. Sárafáir nota netið til þess að kaupa vörur, enda svarar meira en helmingur þátttakenda því til að þeir séu mjög eða frekar sammála því að það sé varasamt að eiga viðskipti á netinu. Kyn¹⁶, aldur¹⁷ og menntun¹⁸ hafa áhrif á þetta viðhorf þannig að konur, hærri aldur og minni menntun þýðir hærra hlutfall sem telur slík viðskipti varasöm.

Þó má segja að það hafi komið fram ákveðin trú hjá fólki á rafræn viðskipti t.d. hvað varðar heimabankann. Fólk virtist nokkuð meðvitað um öryggi og læsingu slíkra heimasíða.



Mynd 5. Hversu oft notar þú internetið til þess að gera eftirtalda hluti?

Kynferði hefur áhrif á internetnotkun fólks þegar verslað¹⁹ er á netinu en ekki aðra þætti sem til skoðunar voru. Hins vegar hefur aldur töluverð áhrif á til hvers einstaklingarnir nota

¹⁶ (Tau-c=,18;α=,003)

¹⁷ (Tau-c=,16;α=,000)

¹⁸ (Tau-c=,17;α=,000)

¹⁹ (Tau-c=,18;α=,001)

internetið eins og glögggt kemur fram í töflu 1. Heilt yfir má sjá að notkun á þessum þáttum minnkar með hækkandi aldri, nema þegar átt eru bankaviðskipti, framkallaðar eru myndir eða sótt eða skoðuð eru gögn á heimasíður sveitarfélaga. Meira en helmingur einstaklinga á aldrinum 26-59 ára skoðar heimasíður sveitarfélaganna í upplýsingaleit, en einnig er elsti og yngsti aldurshópurinn virkir í því.

Hvað varðar „að eiga bankaviðskipti“ kemur nokkuð á óvart hversu hátt hlutfall einstaklinga 60 ára og eldri notfærir sér þá þjónustu á netinu en það gera um 40% þeirra.

Tafla 1. Hlutfall sem notar internetið mánaðarlega eða oft

Þættir:	25 ára og yngri	26-45 ára	46-59 ára	60 ár og eldri
Eiga bankaviðskipti	56,6%	77,0%	60,0%	39,4%
Kaupa vörur	27,8%	9,0%	11,4%	0,0%
Sendi viðhengi	77,8%	75,4%	61,0%	33,3%
Vinna með myndir	36,1%	38,5%	39,0%	21,2%
Framkalla myndir	13,9%	19,0%	23,8%	15,2%
Nota MSN eða spjall	83,3%	27,9%	17,3%	6,1%
Sækja/skoða gögn á vefsíðu hjá sveitarfélagi	37,8%	60,7%	57,6%	39,5%

Rúmlega fjórðungur svarenda notar MSN eða spjall mánaðarlega eða oft. Þetta er aðallega fólk sem er 25 ára eða yngra. Mikill meirihluti svarenda (80%) telur að það sé varasamt að vera í samskiptum við fólk á netinu sem maður þekkir ekki og hefur hlutfallið hækkað aðeins frá fyrri könnun eða úr 75% í 80%. Hér má sjá mun á svörum fólks eftir kyni²⁰ og menntun²¹ þannig að konur telja í meiri mæli en karlar að slík samskipti séu varasöm sem og fólk með minni menntun.

Segja má að helsta niðurstaðan hér sé sú að fólk nýti sér almennt rafræn samskipti heima fyrir, bæði tölvupóst og internetið. Þetta á jafnt við um dreifbýlið sem þéttbýlið, unga sem aldna og konur sem karla. Notkunin er þó ólík eftir aldri enda áhugamál yngra fólksins yfirleitt annars eðlis en hjá þeim

²⁰ (Tau-c=,16;α=,006)

²¹ (Tau-c=,13;α=,005)

eldri. Þó fólk hafi aðgang að netinu í vinnu og skóla er það einnig að nýta sér rafræn samskipti heima hjá sér. Eru þetta heilt yfir sömu niðurstöður og í fyrri könnun nema að aukning hefur orðið í tölvunotkun hjá öllum, hvort sem miðað er við kyn, aldur, búsetu, heimilisaðstæður, menntun eða tekjur.

2.3. Grunngerð fjarskipta

Hversu stór hópur hefur í raun aðgang að interneti í þessum sveitarfélögum og hvernig er þessum tengingum háttað? Skemmst er frá því að segja að tæplega 90% svarenda hefur aðgang að internetinu, þar af eru tæplega 88% sem hafa aðgang að því heima hjá sér. Þó nokkur aukning hefur orðið á aðgengi þátttakenda að interneti frá fyrri könnun því aðgengið var 83% í heildina og tæplega 77% höfðu aðgang að internetinu heima.

Aðgengi að internetinu var misjafnt eftir kynferði í fyrri könnuninni en það á ekki við í dag nema í vinnunni²² þar sem konur hafa meira aðgengi að interneti en karlar. Tengsl eru á milli aldurs²³, heimilisaðstæðna²⁴, menntunar²⁵ og tekna²⁶ við aðgengi að internetinu þannig að lægri aldur, barnafjölskyldur, meiri menntun og hærra tekjur þýðir herra hlutfall með aðgengi að því. Hvað búsetu²⁷ varðar hefur heilt yfir ekki orðið breyting frá síðustu könnun þar sem þátttakendur búsettir á Húsavík hafa meira aðgengi að interneti. Slíkur munur mælist einnig þegar eingöngu er skoðað aðgengi að interneti í vinnu²⁸ en það á ekki við þegar eingöngu er tekið tillit til heimilis eða skóla.

Þá er spurningin um hversu góðar þessar tengingar eru sem fólk hefur aðgengi að og hvort sjá má mun á þeim milli svæða. Skipta má internettengingum í tvo flokka, annars vegar háhraðatengingar eða sítengingar (LAN og ADSL) og hins vegar

²² (Tau-c=,12;α=,032)

²³ (Tau-c=,23;α=,000)

²⁴ (Tau-c=,13;α=,000)

²⁵ (Tau-c=,13;α=,000)


²⁶ (Tau-c=,15;α=,001)

²⁷ (Tau-c=,7;α=,044)

²⁸ (Tau-c=,20;α=,000)

upphringisambönd (ISDN og módem). Mikil breyting hefur orðið á tengingum þátttakenda frá fyrri könnun. 36% svarenda nota upphringisambönd til þess að komast á internetið heima en hlutfallið var yfir 60% í fyrri könnuninni. Hér má greina mjög mikinn mun á milli svæða²⁹ því tæplega 4% Húsvíkinga svara því til að þeir noti upphringisambönd en tæplega 71% þeirra sem búa utan Húsavíkur. Hefur þessi munur aukist um 23% frá fyrri könnun, úr tæplega 44% mun í um 67% mun. Þetta hefur reynst þeim sem búa³⁰ utan Húsavíkur mikil hindrun í að nota internetið eða aðrar rafrænar samskiptaleiðir, meira en þeir hafa gert fram til þessa.

Kostnaður hefur einnig áhrif á internetnotkun þannig að þeir sem búa³¹ utan Húsavíkur telja í meira mæli en Húsvíkingar að það sé þáttur sem sé mikil eða frekar mikil hindrun í að nota internetið eða aðrar rafrænar samskiptaleiðir meira en þeir hafa gert fram til þessa. Þetta getur einnig haldist í hendur við tenginguna því öllu jöfnu eru upphringisamböndin dýrari þegar á heildina er litið en háhraða- eða sí tenging. Tekjur³² hafa ennfremur áhrif á internetnotkunina þannig að þeir sem hafa lægri tekjur setja kostnaðinn fyrir sig og telja hann töluverða hindrun við að nota netið meira en þeir gera.



Mynd 6. Hvers konar tenging er við internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?


²⁹ (Tau-c=,67;α=,000)

³⁰ (Tau-c=,61;α=,000)

³¹ (Tau-c=,20;α=,001)


³² (Tau-c=,13;α=,019)

Rúmlega helmingur þátttakenda í könnuninni telur lélega tengingu hindrun í að nota internetið og að sama skapi telja um 46% þátttakenda kunnáttuleysi vera hindrun í að nota internetið sem er svipað og í fyrri könnun. Aftur á móti telja um 60% þátttakenda kostnað ekki vera hindrun á móti 50% í fyrri könnun. Flestir telja að léleg tenging við internetið sé helsta orsök þess að þeir noti internetið eða aðrar rafrænar samskiptaleiðir minna en ella og eykst þetta hlutfall lítillega frá fyrr könnun.



Mynd 7. Hafa þessir þættir áhrif á internetnotkunina?

Ennfremur var spurt hvort viðkomandi nýtti sér GSM, SMS, MMS, ferðatölvu, Vit eða lófatölvu. Nær allir sem svara þessari spurningu eiga GSM síma og mjög margir notfæra sér þá þjónustu sem slíkum sínum fylgir eins og smáskilaboð, Vit og myndskilaboð. Flestir notfæra sér smáskilaboðin, mun færri Vit og enn færri myndskilaboð enda þarf mun dýrari síma til þess að nýta sér þá þjónustu. Rúmlega þriðjungur svarenda notar ferðatölvu og mjög fáir lófatölvu. Eru þetta mjög sambærilegar niðurstöður og fyrri könnunin sagði til um. Helsti munurinn er að fleiri nota myndskilaboð nú en áður og er aukningin 10%.



Mynd 8. Nýtirðu þér eitthvað af eftirtöldum samskiptatækjum eða þjónustu?

Greina má töluverðan mun milli bakgrunnspátta og notkunar á þessum samskiptatækjum og þjónustu. Munurinn tengist aðallega aldri, heimilisaðstæðum, menntun og tekjum. Kynferði og búseta hefur ekki áhrif á þessa samskiptahætti. Fólk notar GSM síma³³, smáskilaboð³⁴, myndskilaboð³⁵, VIT³⁶ og ferðatölvu³⁷ mismikið eftir aldri þar sem eldri þátttakendur nota síður slík samskiptatæki. Helstu breytingarnar frá fyrri rannsókn eru þær að þá var munur á búsetu en ekki nú.

Segja má að helsta niðurstaðan hér sé sú að fólk í þessum þremur sveitarfélögum býr við mismunandi aðstæður þegar kemur að rafrænum samskiptaleiðum. Það hefur þó ekki hindrað fólk sem býr við lakari tengingar í að notfæra sér þennan möguleika heldur hefur fólk tilhneigingu til þess að tileinka sér það besta sem völ er á. Þó má sjá að þó nokkrir hafa ekki tileinkað sér rafrænar samskiptaleiðir og á það sérstaklega við um eldra fólk.

³³ (Tau-c=,17;α=,000)

³⁴ (Tau-c=,41;α=,000)

³⁵ (Tau-c=,22;α=,000)

³⁶ (Tau-c=,18;α=,000)

³⁷ (Tau-c=,29;α=,000)


2.4 Uppbygging fræðslu og þekkingar

Markmið verkefnisins „Virkjum alla“ er fyrst og fremst að byggja upp þekkingu og færni í notkun á tölvu, Internetinu og upplýsingatækni almennt. Stefnt var að því að uppræta hræðslu og kunnáttuleysi og gefa íbúum tækifæri til þess að nýta kosti tækninnar sér og sínum til framdráttar.

„Virkjum alla“ byggði upp fræðsludagskrá í samráði við Fræðslumiðstöð Þingeyinga, sem tók að sér umsjón með tölvunámskeiðum sem haldin voru m.a. í fjórum grunnskólum í sýslunni. Lögð var áhersla á að bjóða stutt og markviss námskeið fyrir byrjendur á öllum aldri með áherslu á tölvufærni og ritvinnslu annars vegar og Netið og tölvusamskipti hins vegar. Eldri kynslóðin fékk sérstaka aðstoð frá nemendum í grunnskólunum í héraðinu, á námskeiðum sem kölluðust „Ungir kenna öldnum“ og „Kynslóðabruin“. Þar snérist hlutverkaskiptin við og yngri kynslóðin leiðbeindi þeim eldri við að læra á tölvuna og rata um Netið. Ennfremur höfðu íbúar aðgang að fjarnámi með gagnvirku kennslufni um tölvunotkun, þar sem leitast var við að gera námið áhugavert og skemmtilegt. Síðast en ekki síst þá var gefin út leiðbeiningabók sem heitir „Tölvun og netið“ og var henni dreift inn á öll heimili á svæðinu.

Einungis átta einstaklingar sem svöruðu könnuninni fóru á einhver af þessum tölvunámskeiðum eða aðeins 2,4% svarenda. Aðeins einn þátttakandi af þessum átta sótti tvö námskeið en fram kom að þessir einstaklingar voru yfirhöfuð ánægðir með þau, fannst þau almennt gagnleg og góð.

Þetta er náttúrulega mjög stórt hlutfall einstaklinga sem ekki nýtti sér þessi námskeið og eru fyrir því sjálfsagt ýmsar ástæður. Algengast er að menn svari því til að þeir hafi ekki þörf fyrir svona námskeið og næst kemur að þeir hafi ekki heyrt um þau. Einnig nefna margir að þeir hafi hvorki áhuga né tíma.



Mynd 9. Hvers vegna fórstu ekki á tölvunámskeið?

Hvað fjarnám á netinu með gagnvirku kennslufni varðar þá vissi innan við helmingur svarenda af þessum möguleika eða rúm 45% svarenda. Aldur³⁸ hefur áhrif á þessa vitneskju þannig að þeir sem eldri eru vissu í meira mæli af þessum möguleika en þeir sem yngri eru. Þrátt fyrir að nær helmingur svarenda hafi vitað að hægt væri að fá aðgang að þessu kennslufni á netinu þá höfðu nánast engir þeirra nýtt sér það eða aðeins sjö einstaklingar (4,6%).

Heilt yfir má segja að nokkur ánægja sé með bókina „Tölvun og netið“ meðal þeirra sem höfðu skoðað hana. Reyndin er þó sú að í langflestum tilvikum hefur fólk ekki nýtt sér hana. Konur³⁹ virðast skoða þessa bók í meira mæli sem og þeir sem eldri⁴⁰ eru. Þeir einstaklingar sem hafa einhverja skólagöngu sem og þeir sem hafa verið í skóla síðustu árin töldu sig ekkert gagn hafa haft af þessari bók. Fram kom í svörum margra að þeir hefðu skoðað hana þegar hún barst þeim en síðan lagt hana einhversstaðar frá sér og ekki notað hana meir. Velta má upp þeim möguleika hvort rétt hafi verið að gefa út bók aðeins með byrjendum í huga að bókinn hafi verið fyrir algjöra byrjendum því hafi margir ekki talið sig þurfa á henni að halda.

³⁸ (Tau-c=,16;α=,006)

³⁹ (Tau-c=,17;α=,001)

⁴⁰ (Tau-c=,15;α=,005)

Lokaafurð verkefnisins „Virkjum alla“ var að koma í gagnið svokölluðum veftorgum; Skjálfangatorgi, íbúatorgi, þekkingartorgi, heilsutorgi og sparitorgi. Veftorgin voru opnuð seint á síðasta ári með viðhöfn og fengu íbúar ýmsa hvatningu til þess að fara inná þau og skrá sig sem notendur innan tilskilins tíma. Aðeins rúm 16% svarenda í könnuninni eru skráðir sem notendur af veftorgunum á þeim tíma sem könnunin er gerð. Mun hærra hlutfall þeirra sem hafa meiri tekjur⁴¹ en minni hafa skráð sig inn á veftorgin. Jafnframt má sjá að notkun á veftorgunum er mjög lítil enn sem komið er. Einstaklingarnir sem skráðir eru sem notendur hafa yfirleitt aðeins farið inn á þau í örfá skipti en eru þó almennt ánægðir með þá upplifun. Sérstaklega á þetta við um heilsutorgið og tímapantanir lækna. Jafnframt minnst þó nokkrir á hversu miklar upplýsingar þarna er að finna. Margir þátttakendur í könnuninni komu því einnig á framfæri við spyrja könnunarinnar að þeir gætu ekki nýtt sér veftorgin sökum lélegrar tengingar og bæta þyrfti úr því fyrst áður en svona nokkuð væri tekið í gagnið.


Hvað framtíðina varðar þá sjá svarendur aðallega fyrir sér mjög eða frekar mikla notkun á heilsutorginu en mun minni notkun á hinum torgunum, sérstaklega sparitorginu. Menntun og tekjur virðist hafa þó nokkur áhrif á svör fólks varðandi framtíðarnotkun á veftorgunum. Meiri menntun þýðir væntanlega meiri notkun á íbúatorgi⁴², þekkingartorgi⁴³, og sparitorgi⁴⁴.

⁴¹ (Tau-c=,13;a=,013)

⁴² (Tau-c=,23;a=,048)

⁴³ (Tau-c=,26;a=,032)

⁴⁴ (Tau-c=,25;a=,048)



Mynd 10. Hvernig sérð þú fyrir þér notkun þína á veförgunum í framtíðinni?

Almennt má segja að þau sértæku verkefni sem „Virkjum alla“ stóð fyrir til þess að auka þekkingu og færni íbúanna í notkun á tölvu og Internetinu hafi ekki skilað sér í nógu miklu mæli til íbúanna. Tölvunámskeiðin, kennsluefnið á netinu og tölvubókin virðast hafa farið fram hjá mörgum og ekki nýst þeim sem skyldi. Það er spurning hvort efnið hafi verið of mikið miðað við algjöra byrjendur og því ekki höfðað nóg til þeirra sem telja sig vera lengra komna hvað varðar tölvunotkun. Hvað veförgin varðar þá kemur betur í ljós þegar fram líða stundir hversu vel þau ná að festa sig í sessi meðal fólksins. Það er alveg ljóst að á meðan ekki eru betri tengingar í dreifbýlinu þá koma þau ekki til með að ná almennri útbreiðslu þar.

3. Lokaorð

Hér fyrir framan hefur verið tíundaðar helstu niðurstöður úr seinni viðhorfsskönnun meðal íbúa Þingeyjarsveitar, Aðaldælahrepps og hluta Norðurþings varðandi tölvulæsi, tölvunotkun, grunngerð fjarskipta og verkefnum sem „Virkjum alla“ stóð fyrir. ásamt samanburði á niðurstöðum fyrri rannsóknar sem gerð var árið 2004.

Þegar niðurstöður þessarar könnunar eru bornar saman við niðurstöður fyrri könnunarinnar eru þær svipaðar að miklu leyti, aftur á móti eru tveir þættir sem vekja athygli. Annars vegar hefur orðið aukning á öllum þáttum er varðar aðgengi að tölvum með internettengingu, hvort sem miðað er við heildina eða bakgrunnsbreytur. Hins vegar, þrátt fyrir aukið aðgengi og betri tengingu við „netið“ er enn mikill munur hjá þeim sem búa á Húsavík og þeirra sem búa utan Húsavíkur varðandi gæði tengingar. Munurinn þarna á milli hefur aukist talsvert frá fyrri könnun. Einnig telja þátttakendur búsettir utan Húsavíkur í meira mæli en áður að léleg gæði tengingar séu mikil hindrun fyrir notkun á internetinu.

Þau verkefni sem forsvarsmenn „Virkjum alla“ stóðu fyrir, þ.e. tölvunámskeiðin, aðgangurinn að gagnvirku fjarkennslufni á netinu og tölvuleiðbeiningabókin, skiluðu sér misvel til íbúanna og heilt yfir má segja frekar illa til allra. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er ljóst að hér hefðu forsvarsmenn verkefnisins átt að geta gert betur. Það er allof hátt hlutfall íbúanna svarar því til að þetta hafi farið algjörlega framhjá þeim eða að efnið hafi ekki höfðað til þeirra og margir svöruðu því til að það hafi verið bara fyrir algjöra byrjendur. Hér vaknar sú spurning hvort rétt hafi verið staðið að kynningum á þessum verkefnum, hvort eftirfylgni hafi verið nóg og hvort einblínt hafi verið of mikið á aðeins einn markhóp. Þessum spurningum verða forsvarsmenn „Virkjum alla“ að svara sjálfir.

Lítill ásókn hefur verið í að skrá sig sem notanda að veftorgunum, allavega hjá þeim sem tóku þátt í þessari könnun enn sem komið er og má spyrja sig af hverju svo er. Fram kom í máli margra sem hringt var í að peningunum sem settir voru í að koma veftorgunum í gagnið hefði verið betur varið með því að setja þá í að gera betri tengingar í dreifbýli.


Það er okkar álit sem stóðu að þessum tveimur rannsóknum á áhrifum verkefnisins „Virkjum alla“ á samfélagið að það hafi ekki tekist sem skyldi. Það er ekki okkar að meta hvort tilgangur og markmið verkefnisins hafi verið raunhæf eða ekki en verkefnið sem slíkt hefur ekki leitt til aukinnar þekkingar íbúanna í notkun á upplýsingatækni. Tölvutengingar í dreifbýlinu eru lakar samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar, þó þær hafi batnað eitthvað þá eru þær mikil hindrun fyrir fólk sem búsett er í dreifbýlinu í að nota internetið sem skyldi. Þetta þýðir í raun að veftorgin sem slík gagnast þessu fólk lítið og færa veftorgin því ekki þjónustuna nær þeim sem lengst búa í burtu.

4. Ítarleg greining eftir bakgrunnspáttum

















Ítarleg greining eftir bakgrunnspáttum

Hefurðu heyrt af eða kynnt þér eitthvað það verkefni sem kallað hefur verið VIRKJUM ALLA – RAFRÆNT SAMFÉLAG?

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Aldrei heyrt um það	49	14,5	3,8
Þekki lítið til þess	195	57,9	5,3
Í meðallagi vel	83	24,6	4,6
Mjög vel	10	3,0	1,8
Alls	337	100,0	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Aldrei heyrt um eða þekki lítið %	Þekki í meðallagi vel eða mjög vel %	Mismunur %	Aldrei heyrt um eða þekki lítið á móti þekki í meðallagi vel eða mjög vel %
Heild:	337	72,9	27,1	-46,0	46- 
Kyn:					
Karl	169	76,9	23,1	-54,0	54- 
Kona	168	67,9	32,1	-36,0	36- 
Aldur:					
25 ára og yngri	36	86,1	13,9	-72,2	72- 
26-45 ára	127	66,1	33,9	-32,2	32- 
46-59 ára	122	68,9	31,1	-37,8	38- 
60 ára og eldri	52	86,5	13,5	-73,0	73- 
Búseta:					
Húsavík	171	76,0	24,0	-52,0	52- 
Utan Húsavíkur	166	68,7	31,3	-37,4	37- 
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	165	76,4	23,6	-52,8	53- 
Börn á heimili	172	68,6	31,4	-37,2	37- 
Menntun:					
Grunnám	130	78,5	21,5	-57,0	57- 
Framhaldsnám	147	69,4	26,9	-42,5	43- 
Háskólanám	55	63,6	21,5	-28,6	29- 
Tekjur:					
Lágar tekjur	74	87,8	12,2	-76,0	76- 
Miðlungstekjur	100	70,0	30,0	-40,0	40- 
Háar tekjur	71	60,6	39,4	-21,0	21- 

Hefurðu aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla, á heimili eða annars staðar?

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Já, á heimili	296	89,1	3,1
Já, í vinnu	149	44,6	5,0
Já, í skóla	35	9,8	3,0
Já, annars staðar	0	0	0
Nei, hvergi	37	9,8	3,0
Alls	337		




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Já, á heimili %	Já, bara utan heimilis %	Nei, hvergi %	Aðgangur að interneti á mótí enginn aðgangur að interneti %
Heild:	337	89,1	1,2	9,8	78-
Kyn:					
Karl	169	90,9	0,6	11,1	81-
Kona	168	87,3	1,8	8,6	75-
Aldur:					
25 ára og yngri	36	100	0	0	100-
26-45 ára	127	96,6	0,8	2,8	94-
46-59 ára	122	89,0	0,8	10,3	77-
60 ára og eldri	52	64,4	3,8	32,2	27-
Búseta:					
Húsavík	171	91,2	1,2	7,6	85-
Utan Húsavíkur	166	87,4	1,2	11,6	71-
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	165	83,4	1,2	15,5	65-
Börn á heimili	172	94,5	1,2	4,5	91-
Menntun:					
Grunnám	130	84,7	0,8	14,7	66-
Framhaldsnám	147	90,6	1,4	8,2	82-
Háskólanám	55	98,3	1,8	0	100-
Tekjur:					
Lágar tekjur	74	81,0	0	19,0	59-
Miðlungstekjur	100	92,6	1,0	6,6	86-
Háar tekjur	71	96,4	1,4	2,4	94-

Hefur þú aðgang að háhraðatengingum eða sí tengingum (LAN eða ADSL)?

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Já, heima	187	55,5	5,31
Já, í vinnu	132	39,2	5,21
Já, í skóla	35	10,4	3,26
Já, annars staðar	0	0,0	0,0
Nei, hvergi	118	35,0	5,09
Alls	337		




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Já, á heimili %	Já, bara utan heimilis %	Nei, hvergi %	Aðgangur að háhraðatengingu á móti enginn aðgangur að háhraðatengingu %
Heild:	337	55,5	9,5	35,0	30-
Kyn:					
Karl	169	59,8	5,9	34,3	31-
Kona	168	51,2	13,1	34,7	29-
Aldur:					
25 ára og yngri	36	72,2	5,6	22,2	56-
26-45 ára	127	63,0	11,8	25,2	50-
46-59 ára	122	50,8	10,7	38,5	23-
60 ára og eldri	52	36,5	3,9	59,6	19
Búseta:					
Húsavík	171	85,4	2,3	12,3	75-
Utan Húsavíkur	166	24,7	16,9	58,4	17
Heimilisáðstæður:					
Engin börn á heimili	165	50,9	7,9	41,2	18-
Börn á heimili	172	59,9	11,0	29,1	42-
Menntun:					
Grunnám	130	46,2	6,9	46,9	6-
Framhaldsnám	147	58,5	7,5	34,0	32-
Háskólanám	55	69,1	21,8	9,1	82-
Tekjur:					
Lágar tekjur	74	43,2	5,4	51,4	3
Miðlungstekjur	100	54,0	11,0	35,0	30-
Háar tekjur	71	74,6	8,5	16,9	66-

Hverskonar tenging er við internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?

HEIMA:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
LAN	2	0,7	0,95
ADSL	185	63,4	5,53
ISDN	67	22,9	4,82
Módem	38	13,3	3,86
Alls	292	100	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Sítengingar (LAN eða ADSL) %	Upphringisambönd (ISDN eða Módem) %	Mismunur %	Sítenging á móti upphringisambandi %
Heild:	292	64,0	36,0	-28,0	28-
Kyn:					
Karl	152	66,4	33,6	-32,8	33-
Kona	140	61,4	38,6	-22,8	23-
Aldur:					
25 ára og yngri	36	72,2	27,8	-44,4	44-
26-45 ára	121	66,1	33,9	-32,2	32-
46-59 ára	104	59,6	40,4	-19,2	19-
60 ára og eldri	31	61,3	37,7	-22,6	23-
Búseta:					
Húsavík	152	96,1	3,9	-92,2	92-
Utan Húsavíkur	140	29,3	70,7	41,4	41-
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	133	63,2	36,8	-26,4	26-
Börn á heimili	159	64,8	35,2	-29,6	30-
Menntun:					
Grunnám	105	57,1	42,9	-14,2	14-
Framhaldsnám	131	65,6	34,4	-31,2	31-
Háskólanám	53	71,7	28,3	-43,4	43-
Tekjur:					
Lágar tekjur	59	54,2	45,8	-8,4	8-
Miðlungstekjur	91	59,3	40,7	-18,6	19-
Háar tekjur	66	80,3	19,7	-60,6	61-

Hverskonar tenging er við internetið á heim stöðum þar sem þú hefur aðgang?

VINNU:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
LAN	8	5,7	3,82
ADSL	124	87,9	5,37
ISDN	7	5,0	3,59
Módem	2	1,4	1,95
Alls	141	100	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Sítengingar (LAN eða ADSL) %	Upphringisambönd (ISDN eða Módem) %	Mismunur %	Sítenging á móti upphringisambandi %
Heild:	141	93,6	6,4	-87,2	87
Kyn:					
Karl	63	95,2	4,8	-90,4	90
Kona	78	92,3	7,7	-84,6	85
Aldur:					
25 ára og yngri	10	100	0	-100	100
26-45 ára	70	95,7	4,3	-91,4	91
46-59 ára	52	88,5	11,5	-77,0	77
60 ára og eldri	9	100	0	-100	100
Búseta:					
Húsavík	89	97,8	2,2	-95,6	96
Utan Húsavíkur	52	86,5	13,5	-73,0	73
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	58	91,4	8,6	-82,8	83
Börn á heimili	83	95,2	4,8	-90,4	90
Menntun:					
Grunnám	38	97,4	2,6	-94,8	95
Framhaldsnám	61	88,5	11,5	-77,0	77
Háskólanám	42	97,6	2,4	-95,2	95
Tekjur:					
Lágar tekjur	22	95,5	4,5	-91,0	91
Miðlungstekjur	45	93,3	6,7	-86,6	87
Háar tekjur	49	89,8	10,2	-79,6	80

Hversu oft notar þú internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?
HEIMA:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Ofar en einu sinni á dag	118	40,3	5,62
Einu sinni á dag	58	19,8	4,56
Eitthvað í hverri viku	78	26,6	5,06
Sjaldnar en einu sinni í viku	30	10,2	3,47
Aldrei eða nær aldrei	9	3,1	1,98
Alls	293	100	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Daglega %	Sjaldnar en daglega %	Mismunur %	Daglega á móti sjaldnar en daglega %
Heild:	293	60,1	39,9	-20,2	20-
Kyn:					
Karl	152	61,8	38,2	-23,6	24-
Kona	141	58,2	41,8	-16,4	16-
Aldur:					
25 ára og yngri	36	63,9	36,1	-27,8	28-
26-45 ára	121	65,3	34,7	-30,6	31-
46-59 ára	105	59,0	41,0	-18,0	18-
60 ára og eldri	31	38,7	61,3	22,6	23
Búseta:					
Húsavík	153	72,5	27,5	-45,0	45-
Utan Húsavíkur	140	46,4	53,6	7,2	7
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	134	59,7	40,3	-19,4	19-
Börn á heimili	159	60,4	39,6	-20,8	21-
Menntun:					
Grunnám	106	50,9	49,1	-1,8	2-
Framhaldsnám	131	61,8	38,2	-23,6	24-
Háskólanám	53	75,5	24,5	-51,0	51-
Tekjur:					
Lágar tekjur	59	50,8	49,2	-1,6	2-
Miðlungstekjur	92	55,4	44,6	-10,8	11-
Háar tekjur	66	77,3	22,7	-54,6	55-

Hversu oft notar þú internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?
Í VINNU:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Ofar en einu sinni á dag	92	62,2	5,55
Einu sinni á dag	23	15,5	4,15
Eitthvað í hverri viku	22	14,9	4,07
Sjaldnar en einu sinni í viku	6	4,1	2,26
Aldrei eða nær aldrei	5	3,4	2,07
Alls	148	100	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Daglega %	Sjaldnar en daglega %	Mismunur %	Daglega á móti sjaldnar en daglega %
Heild:	148	77,7	22,3	-55,4	55-
Kyn:					
Karl	67	80,6	19,4	-61,2	61-
Kona	81	75,3	24,7	-50,6	51-
Aldur:					
25 ára og yngri	11	36,4	63,6	27,2	27-
26-45 ára	74	81,1	18,9	-62,2	62-
46-59 ára	53	83,0	17,0	-66,0	66-
60 ára og eldri	10	70,0	30,0	-40,0	40-
Búseta:					
Húsavík	93	76,3	23,7	-52,6	53-
Utan Húsavíkur	55	80,0	20,0	-60,0	60-
Heimilisáðstæður:					
Engin börn á heimili	59	81,4	18,6	-62,8	63-
Börn á heimili	89	75,3	24,7	-50,6	51-
Menntun:					
Grunnám	38	71,1	28,9	-42,2	42-
Framhaldsnám	65	70,8	29,2	-41,6	42-
Háskólanám	45	93,3	6,7	-86,6	87-
Tekjur:					
Lágar tekjur	22	59,1	40,9	-18,2	18-
Miðlungstekjur	48	77,1	22,9	-54,2	54-
Háar tekjur	52	86,5	13,5	-73,0	73-

Hversu oft notar þú internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?

Í SKÓLA:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Ofar en einu sinni á dag	25	69,4	5,27
Einu sinni á dag	3	8,3	3,16
Eitthvað í hverri viku	7	19,4	4,53
Sjaldnar en einu sinni í viku	0	0,0	0,00
Aldrei eða nær aldrei	1	2,8	1,88
Alls	36	100	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Daglega %	Sjaldnar en daglega %	Mismunur %	Daglega á móti sjaldnar en daglega %
Heild:	36	77,8	22,2	-55,6	56-
Kyn:					
Karl	14	85,7	14,3	-71,4	71-
Kona	22	72,7	27,3	-45,4	45-
Aldur:					
25 ára og yngri	16	81,3	18,8	-62,5	63-
26-45 ára	11	81,8	18,2	-63,6	64-
46-59 ára	8	75,0	25,0	-50,0	50-
60 ára og eldri	1	0	100	100	100
Búseta:					
Húsavík	18	66,7	33,3	-33,4	33-
Utan Húsavíkur	18	88,9	11,1	-77,8	78-
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	14	64,3	35,7	-28,6	29-
Börn á heimili	22	86,4	13,6	-72,8	73-
Menntun:					
Grunnám	13	84,6	15,4	-69,2	69-
Framhaldsnám	16	75,0	25,0	-50,0	50-
Háskólanám	7	71,4	28,6	-42,8	43-
Tekjur:					
Lágar tekjur	8	50,0	50,0	0	0
Miðlungstekjur	2	100	0	100	100-
Háar tekjur	9	66,7	33,3	-33,4	33-

Hversu oft notar þú internetið til að:

EIGA BANKAVIÐSKIPTI:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Vikulega eða oftar	115	38,9	5,55
Nokkrum sinnum í mánuði	64	21,6	4,69
Um það bil mánaðarlega	11	3,7	2,15
Nokkrum sinnum á ári	6	2,0	1,61
Aldrei eða nær aldrei	100	33,8	5,39
Alls	296	100	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Mánaðarlega eða oftar %	Sjaldnar en mánaðarlega %	Mismunur %	Mánaðarlega eða oftar á móti sjaldnar en mánaðarlega %
Heild:	296	64,2	35,8	-28,4	28-
Kyn:					
Karl	153	64,7	35,3	-29,4	29-
Kona	143	63,6	36,4	-27,2	27-
Aldur:					
25 ára og yngri	36	55,6	44,4	-11,2	11-
26-45 ára	122	77,0	23,0	-54,0	54-
46-59 ára	105	60,0	40,0	-20,0	20-
60 ára og eldri	33	39,4	60,6	21,2	21
Búseta:					
Húsavík	154	68,8	31,2	-37,6	38-
Utan Húsavíkur	142	59,2	40,8	-18,4	18-
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	136	60,3	39,7	-20,6	21-
Börn á heimili	160	67,5	32,5	-35,0	35-
Menntun:					
Grunnám	107	51,4	48,6	-2,8	3-
Framhaldsnám	132	68,2	31,8	-36,4	36-
Háskólanám	54	81,5	18,5	-63,0	63-
Tekjur:					
Lágar tekjur	59	57,6	42,4	-15,2	15-
Miðlungstekjur	92	67,4	32,6	-34,8	35-
Háar tekjur	67	73,1	26,9	-46,2	46-

Hversu oft notar þú internetið til að:

KAUPA VÖRUR:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Vikulega eða oftar	4	1,4	1,32
Nokkrum sinnum í mánuði	5	1,7	1,47
Um það bil mánaðarlega	24	8,1	3,11
Nokkrum sinnum á ári	78	26,4	5,02
Aldrei eða nær aldrei	185	62,5	5,52
Alls	296	100	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Mánaðarlega eða oftar %	Sjaldnar en mánaðarlega %	Mismunur %	Mánaðarlega eða oftar á móti sjaldnar en mánaðarlega %
Heild:	296	11,1	88,9	77,8	78
Kyn:					
Karl	153	15,0	85,0	70,0	70
Kona	143	7,0	93,0	86,0	86
Aldur:					
25 ára og yngri	36	27,8	72,2	44,4	44
26-45 ára	122	9,0	91,0	82,0	82
46-59 ára	105	11,4	88,6	77,2	77
60 ára og eldri	33	0	100	100	100
Búseta:					
Húsavík	154	13,6	86,4	72,8	73
Utan Húsavíkur	142	8,5	91,5	83,0	83
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	136	11,8	88,2	76,4	76
Börn á heimili	160	10,6	89,4	78,8	79
Menntun:					
Grunnám	107	6,5	93,5	87,0	87
Framhaldsnám	132	12,9	87,1	74,2	74
Háskólanám	54	14,8	85,2	70,4	70
Tekjur:					
Lágar tekjur	59	13,6	86,4	72,8	73
Miðlungstekjur	92	5,4	94,6	89,2	89
Háar tekjur	67	14,9	85,1	70,2	70

Hversu oft notar þú internetið til að:

SENDA VIÐHENGI:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Vikulega eða oftar	128	43,2	5,64
Nokkrum sinnum í mánuði	53	17,9	4,37
Um það bil mánaðarlega	14	4,7	2,42
Nokkrum sinnum á ári	24	8,1	3,11
Aldrei eða nær aldrei	77	26,0	5,00
Alls	296	100	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Mánaðarlega eða oftar %	Sjaldnar en mánaðarlega %	Mismunur %	Mánaðarlega eða oftar á móti sjaldnar en mánaðarlega %
Heild:	296	65,9	34,1	-31,8	32-
Kyn:					
Karl	153	64,7	35,3	-29,4	29-
Kona	143	67,1	32,9	-34,2	34-
Aldur:					
25 ára og yngri	36	77,8	22,2	-55,6	56-
26-45 ára	122	75,4	24,6	-50,8	51-
46-59 ára	105	61,0	39,0	-22,0	22-
60 ára og eldri	33	33,3	66,7	33,4	33
Búseta:					
Húsavík	154	67,5	32,5	-35,0	35-
Utan Húsavíkur	142	64,1	35,9	-28,2	28-
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	136	60,3	39,7	-20,6	21-
Börn á heimili	160	70,6	29,4	-41,2	41-
Menntun:					
Grunnám	107	51,4	48,6	-2,8	3-
Framhaldsnám	132	65,9	34,1	-31,8	32-
Háskólanám	54	96,3	3,7	-92,6	93-
Tekjur:					
Lágar tekjur	59	59,3	40,7	-18,6	19-
Miðlungstekjur	92	68,5	31,5	-37,0	37-
Háar tekjur	67	73,1	26,9	-46,2	46-

Hversu oft notar þú internetið til að:

VINNA MEÐ MYNDIR:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Vikulega eða oftar	38	12,8	3,81
Nokkrum sinnum í mánuði	37	12,5	3,77
Um það bil mánaðarlega	33	11,1	3,59
Nokkrum sinnum á ári	23	7,8	3,05
Aldrei eða nær aldrei	165	55,7	5,66
Alls	296	100	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Mánaðarlega eða oftar %	Sjaldnar en mánaðarlega %	Mismunur %	Mánaðarlega eða oftar á móti sjaldnar en mánaðarlega %
Heild:	296	36,5	63,5	27,0	27
Kyn:					
Karl	153	36,6	63,4	26,8	27
Kona	143	36,4	63,6	27,2	27
Aldur:					
25 ára og yngri	36	36,1	63,9	27,8	28
26-45 ára	122	38,5	61,5	23,0	23
46-59 ára	105	39,0	61,0	22,0	22
60 ára og eldri	33	21,2	78,8	57,6	58
